

# Vikufréttir

Vika 17(25.04.2022 – 19.04. 2022)

## Mánudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 13:30
- ✓ Tveir grunnskólakennarar af Suðurlandi kom í búbbluheimsókn til Elínar og kynna sér starfið sem fer þar fram.

## Þriðjudagur

- ✓ Vorskóli

## Miðvikudagur

- ✓ Vorskóli
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

## Fimmtudagur

- ✓ Vorskóli
- ✓ Stigsfundur á unglingastigi kl. 14:30

## Föstudagur

- ✓ 7.b fer í sjóferð í boði Faxaflóahafnar.

## Spakmæli:

„Ég get lýst í þremur orðum öllu sem ég hef lært um lífið. Það heldur áfram“

## Annað:

Seinni smiðjuhelgi vetrarins verður föstudaginn 13. og laugardaginn 14. maí. Þar er boðið uppá valgreinar fyrir 8. til 10. bekk þar sem nemendur eru í smiðjum utan hefðbundins skólatíma. Unnið er í smiðjum frá kl. 14.30 á föstudegi til 18:30 og frá kl. 8:30 til 14.30 á laugardegi. Mætingarskylda er á smiðjuhelgi jafnt og aðra skóladaga.

## Unnu til verðlauna í teiknisamkeppni MS

Þrjár stúlkur í 4. bekk, þær Aleta Von Mýrdal Ríkharðsdóttir, Eyja Dröfn Svölu Pétursdóttir og Svandís Svava Halldórsdóttir, unnu til verðlauna í árlegri teiknisamkeppni Mjólkursamsöluunnar. Teiknisamkeppnin er fyrir 4. bekkinga og er haldin í tengslum við alþjóðlega skólamjólkurdaginn. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, tók þátt í vali á verðlaunamyndunum og þótti honum mikið til myndanna koma og átti vart til orð yfir hæfileikum og hugmyndaflugi nemendanna.

Rétt tæplega 1.300 myndir bárust í keppnina að þessu sinni frá 51 skóla víðsvegar um landið. Tíu myndir unnu til verðlauna. Verðlaunahöfum eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir teikningar sínar og til viðbótar er hver mynd verðlaunuð með 40.000 kr. peningagjöf frá MS. Verðlaunaféð rennur óskipt í bekkjarsjóð viðkomandi.

Verðlaunamyndirnar í ár eru eins ólíkar og þær eru margar en eiga það sameiginlegt að á þeim öllum má sjá kú eða vísun í kúr, en kúr og mjólkurfernur eru án efa vinsælustu viðfangsefni nemenda þó myndefnið sé frjálst.



Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir